

JÖKLARANNSÓKNAFÉLAG ÍSLANDS

Nr. 115

Október 2009

Fréttabréf



Gunnar Hjaltason

HAUSTFUNDUR

Haustfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn 20. október 2009 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands.

Erindi: “Áhrif vatns á hreyfingu jökla rannsökuð með gervitunglum.”
Eyjólfur Magnússon

Myndasýning: Brynjar Gunnarsson sýnir ljósmyndir úr vorferð 2008

HAUSTFUNDUR JÖKLARANNSÓKNAFÉLAGSINS

Haustfundur Jökларannsóknafélagsins verður haldinn þriðjudaginn 20. október 2009 í sal 132 í Öskju, náttúrufræðahúsi Háskóla Íslands og hefst klukkan 20:00. Á fundinum flytur Eyjólfur Magnússon jarðeðlisfræðingur erindi undir yfirskriftinni: “Áhrif vatns á hreyfingu jökla rannsökuð með gervitunglum.”

Vatn við jökulbotn er einn af lykilþáttum í hreyfingu jökla. Þetta samspil er enn ekki að fullu þekkt en það skýrist af því hversu erfitt er að rannsaka það sem gerist undir þykkum jökulísnum og hafa á sama tíma yfirsýn yfir hreyfingu jökulsins. Ratsjármyndir úr gervitunglum, sem sýna hreyfingu jökulsins yfir stutt tímabil eru gagnlegar til að skýra þetta samspil betur.

Skýrt verður frá rannsóknum á gervihnattamyndum af Vatnajökli sem sýna hvaða áhrif jökulhlaup geta haft á hreyfingu jökla, hvernig jökullinn bregst við stórrigningum og hvernig lekinn úr Grímsvötnum í kjölfar stóra jökulhlaupsins 1996 breytti ísflæði Skeiðarárjökuls.



Að loknu kaffihléi verður myndasýning. Brynjar Gunnarsson sýnir myndir úr vorferð Jökларannsóknafélagsins 2008, en myndirnar voru hluti af meistaraverkefni hans í blaðaljósmyndun við Westminster háskólann í Lundúnum.

HÖFÐINGLEG GJÖF TIL JÖRFÍ

Þann 11. júní síðastliðinn voru hundrað ár liðin frá fæðingu Guðmundar Jónassonar fjallabílstjóra og hreppstjóra í Grímsvatnahreppi. Eins og flestum er kunnugt var Guðmundur mikill brautryðjandi í jöklaferðum. Hann fann Hófsvað árið 1950 og opnaði þar með leið fyrir bíla inn að Vatnajökli vestanverðum. Guðmundur var síðan um langt árabil í forystuhlutverki í vorferðum á snjóbíli sínum Gusa. Var ratvísi hans og ráðsnilld viðbrugðið eins og lesa má um í mörgum frásögnum í Jökli frá fyrstu 20 árum félagsins. Hann sat á tímabili í stjórn JÖRFÍ og var kjörinn heiðursfélagi þess 1975. Guðmundur lést 1985.



Guðmundur Jónasson í Gusa.

Í tilefni af 100 ára afmæli föður síns ákváðu börn Guðmundar, þau Gunnar, Signý og Kristín að færa Jöklarannsóknafélaginu 500 þúsund krónur sem nota skal til fyrirhugaðrar stækkunar á nýja skálanum í Jökulheimum. Við kunnum þeim systkinum hinar bestu þakkir fyrir

höfðinglega gjöf en stjórn JÖRFÍ og heiðursfélagar héldu þeim kaffiboð í tilefni af 100 ára afmæli Guðmundar og gjöfinni þann 18. ágúst síðastliðinn.

Magnús Tumi Guðmundsson

FÁMENNT EN GÓÐMENNT Í HAUSTFERÐ

Haustferð Jökларannsóknafélagsins var farin í Jökulheima þetta árið eins og gjarnan áður en að þessu sinni var yfirlýst markmið ferðarinnar að gera að skálum félagsins. Það var heldur fámennnt í ferðinni en góðmennt, 5 fullorðnir og 3 börn og tóku þau rækilega til hendinni.

Skúrað var og skrúbbað í hvern krók og kima, málað og dýnuáklæði og gardínur sett í þvott. Það ætti því ekki að væsa um neinn í Jökulheimum á næstunni.



Árni Palli og synir dytta að gamla skála.

– mynd Hlynur

VORFERÐ JÖRFÍ 2009

Fastur liður í starfi Jökularannsóknafélagsins er vorferðin á Vatnajökul. Fyrsta ferðin var farið 1953 og hefur hún síðan þá verið árlegur viðburður. Nú var lagt upp frá Reykjavík föstudagskvöldið 29. maí. Aðfararnótt laugardags gistum við í Jökulheimum og héldum síðan sem leið lá um Tungnaárjökul á Grímsfjall í skýjuðu en aðgerðarlitlu veðri. Á hvítasunnudag lá leiðin beint í Kverkfjöll þar sem fjögurra manna hópur varð eftir og dvaldi við mælingar fram á þriðjudagskvöld. Mánudaginn 1. júní hófust rannsóknir í Grímsvötnum. Næstu daga var farið á Bárðarbungu, Hamarinn, Háubungu og víðar, auk þess sem lítill hópur fór á snjóbjól og vélsleðum til íssjármælinga á Örafajökli. Veðurbliða einkenndi ferðina að þessu sinni enda gengu rannsóknir vel og lítið var um frátafir og bilanir. Hópurinn hélt niður af jökli föstudaginn 5. júní og til byggða daginn eftir.



Veðrið lék við mannskapinn. Ásdís Jónsdóttir og Ágúst Hálfðánsson í sólbaði. –mynd Hlynur



Jörfi félagar við mælingar nyrst í Esjufjöllum.

– mynd MTG

Fremur vetrarlegt var ennþá í Grímsvötnum þegar við komum þangað. Minna bar á gjósku á yfirborði en verið hefur undanfarin ár. Má sjálfsagt kenna það því að vikurnar á undan var lengst af dimmviðri og sólbráð á klettum og gjóskubunkum því með minnsta móti. Sömu sögu var að segja frá Kverkfjöllum þar sem hluti Efri-Hveradals var ennþá undir snjó.

Að venju var vatnsborð Grímsvatna mælt, vetrarafkoma könnuð á Bárðarbungu, Háubungu og norðan Grímsvatna, margvísleg kortlagning unnin við Grímsvötn og skriðstikur settar út. Í Kverkfjöllum vann vaskur hópur að mælingum á jarðhitavirkni. Góður árangur varð í GPS landmælingum þar sem landhæðarbreytingar voru ákvarðaðar nákvæmlega á Grímsfjalli, Hamrinum, í Kverkfjöllum, á skerri í Skeiðarárjökli og á auðum rinda nyrst í Esjufjöllum. Þessar mælingar eru einkum gerðar til að fylgjast með landrasi sem stafar af því að jökulinn hörfar.



Hanna Kata og nafna hennar frá Finnlandi við mælingar í Grímsvötnum. – mynd Hlynur

Einnig er fylgst með breytingum á Grímsfjalli sem tengjast útpenslu kvikuhólfins undir vötnunum. Grímsvötn þenjast út og hafa gert allt frá síðasta gosi árið 2004. Því er ekki ólíklegt að þar gjósi aftur á næstu árum. Grímsvötn eru því svo sannarlega vöknuð eftir að hafa legið í dvala mestan hluta árána 1938-1996.

Þátttakendur í þessari ferð voru alls 29. Af þeim hópi voru sjö manns aðeins með yfir Hvítasunnuhelgina. Hún teygðist reyndar fram á þriðjudag hjá sumum, enda er erfitt að yfirgefa Vatnajökul þegar sólin skín.

Minnsti jöklajeppi landsins

Farartæki í ferðinni voru snjóbíll HSSR, Ford bíll JÖRFÍ, aðrir bílar og vélsleðar. Mesta athygli vakti minnsti jöklajeppi landsins, Suzuki bíll Ómars Ragnarssonar. Eftir að komið var upp fyrir krapann á Tungnaárjökli var minnsti jöklajeppi landsins í essinu sínu og sveif yfir

hjarnið. Að vísu vildi hann hita sig en við því var séð. Fyrst með því að aka með húddið opið, en síðar með því að taka það hreinlega af. Ómar vinnur að gerð myndar um jökulinn og fáum við vonandi að sjá afraksturinn áður en langt um líður.



Ómar Ragnarsson á minnsta jöklabíl landsins – húddið inni í bíl.

– mynd MTG

Vorferðir eru mikilvægur hlekkur í rannsóknum á Vatnajökli. Í ferðinni er einnig flutt eldsneyti og annað sem með þarf vegna hinna bráðnauðsynlegu húsa á Grímsfjalli. Þau er skjól fyrir ferðamenn og húsa að auki sjálfvirk mælitæki sem fylgjast grannt með virkustu eldstöð landsins. Landsvirkjun og Vegagerðin voru eins og löngum áður traustir bakhjarlar með því að leggja til farartæki og styrk fyrir eldsneyti.

Magnús Tumi Guðmundsson

STYTTIST Í ÁRSHÁTÍÐ

Árshátíð Jökklarannsóknafélagsins verður haldin í Básum á Goðalandi í Þórsmörk helgina 14.-15. nóvember næstkomandi. Lagt verður af stað frá Select við Vesturlandsveg á laugardagsmorgni á bílum félagsmanna JÖRFÍ. Einnig verður boðið upp á sætaferðir frá Stóru-Mörk í Bása kl. 17.

Dagskrá árshátíðar:

Lagt af stað frá Select við Vesturlandsveg kl. 10 laugardaginn 14.október. Gönguferð um Goðaland undir leiðsögn Madame X eftir hádegi. Fordrykkur kl. 18:30 og hátíðarkvöldverður í fjallasal. Skemmtiatriði, dufl og dans fram eftir kvöldi. Á sunnudegi verður lagt af stað úr Básum um tvöleytið.

Frekara fyrirkomulag verður kynnt á haustfundi, í tölvupósti og á heimasíðu - en fyrirspurnum verður svarað á sumarferd@gmail.com